

Mánudaginn 17. janúar 1983.

Nr. 51/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Karvel Gränz**

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 17. september 1980. Ágrip málsins barst Hæstarétti 22. september 1982.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af brotum þeim, sem talin eru í I.—III. lið ákæru, og að ákærða verði að öðru leyti dæmd jafnvæg refsing og lög leyfa.

#### **I.**

Fallast ber á sakarmat héraðsdóms um hvern einstakan ákærulið með vísan til forsendna hans. Enn fremur ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um heimfærslu brota til refsíákvæða, þó svo, að vísa ber til auglýsingar nr. 230/1976 varðandi IX. lið ákæru.

#### **II.**

Dómsrannsókn í máli þessu hófst fyrir sakadómi Keflavíkur 14. júní 1976, en brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru öll framin á árinu 1976. Ákærði var yfirheyrður fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum dagana 29. október og 3., 4., 5. og 7. nóvember 1976.

Sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn út af brotum þessum til ákvörðunar með bréfi, dagsettu 6. mars 1978, en jafnframt voru samhengis vegna send rannsóknargögn í málum fjögurra annarra manna.

Ákæra í máli þessu var gefin út 27. ágúst 1979 og birt fyrir ákærða í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 29. nóvember 1979.

Að vísu hefur framangreindur dráttur orðið á rannsókn málsins. Hins vegar var dráttur þessi ekki svo langur, að telja verði, að rannsókn málsins hafi verið hætt um óákveðinn tíma, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sök því ófyrnd, er tekið var á ný til við rekstur málsins 29. nóvember 1979.

Ber því að dæma ákærða refsingu.

Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þótt hið síðarnefnda ákvæði víki eigi að erlendum dómum, sbr. hins vegar 2. málsgrein 71. gr. almennra hegningarlaga, en 78. gr. greindra laga er sakborningi til hagsbóta andstætt því, sem er um 71. gr.

Brot ákærða eru stórfelld, og hann hefur miðlað fíkniefnum til allmargra manna.

Með vísan til framangreindra atriða þykir refsivist ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða 9.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974. Ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi 15 daga fangelsi í stað hennar.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi í alls 27 daga, en ekki 25 daga, eins og talið er í héraðsdómi. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldstíminn, 27 dagar, komi að fullu til frádráttar tildæmdri refsivist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Karvel Gränz, sæti 10 mánaða fangelsi, og komi 27 daga gæsluvarðhaldsvist hans refsingu til frádráttar. Enn fremur sæti hann 9.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 15 daga fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 14. mars 1980.**

Ár 1980, föstudaginn 14. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Þórði Þórðarsyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 614/1979: Ákærvaldið gegn Karvel Gränz.

Málið, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, dags. 27. ágúst 1979, gegn Karvel Gränz, Norðurstíg 5, Ytri-Njarðvík, fæddum 5. mars 1954 í Hafnarfirði, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1976:

#### **I.**

Í janúar keypt samtals 600 gr af hassi í Kaupmannahöfn og flutt það með sér hingað til lands. Skömmu eftir heimkomu selt samtals 350 gr af efninu á Keflavíkurflugvelli fyrir 2.350 bandaríkjadali og haft megnið af afganginum til eigin nota.

#### **II.**

Í apríl keypt 150 gr af hassi af ónafngreindri stúlku í Tjarnarbúð í Reykjavík á kr. 1.200 hvert gramm, selt nafngreindum manni hluta efnisins á kr. 1.400 hvert gramm og neytt afgangins að mestu leyti sjálfur.

#### **III.**

Fyrir utanferð sína um miðjan maí móttikið 3.000 bandaríkjadali hjá tveimur Bandaríkjamönnum á Keflavíkurflugvelli til hasskaup. Keypt 1200 gr af efninu í Amsterdam fyrir 2.000 dali og um 20. s. m. flutt efnið með sér hingað til lands, falið innan klæða, afhent greindum Bandaríkjamönnum 600 gr og haldið sjálfur 600 gr. Skömmu síðar selt þessum aðilum samtals 500 gr af sínum hluta efnisins fyrir 3.000 dali og sjálfur notað 100 gr.

## IV.

Í byrjun júní keypt 100 gr af marihuana og um 5 gr af hassoliu af Franklín Kristni Steiner að Suðurgötu 8 í Reykjavík fyrir samtals um kr. 95.000, blandað efnunum saman og drýgt með hunangi, þannig að úr varð um 120 gr kaka. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavík-urflugvelli 100 gr af þessu fyrir 600 bandaríkjadali og notað sjálfur afganginn.

## V.

Í júlí/ágúst margsinnis keypt hassefni af Franklín Kristni Steiner að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, samtals a. m. k. 100-150 gr, eða allt að 300 gr, á um kr. 13-1.400 hvert gramm.

## VI.

Í september keypt um 1050 gr af hassi af Einari Sigurhanssyni að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík fyrir 5.500 bandaríkjadali og þegar afhent nafngreindum varnarliðsmanni af Keflavík-urflugvelli, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna, 950 gr af efninu, en 100 gr hélt ákærði eftir fyrir sig og nafngreindan kunninga sinn, sem aðstoðaði við þessa milli-göngu.

## VII.

Nokkru síðar keypt 1100 gr af hassi fyrir sama varnarliðsmann og nefndur er í VI. lið af Franklín Kristni Steiner og Einari Sigurhanssyni að Laugarnesvegi 84 í Reykjavík fyrir 5.500 dali og fengið 100 gr af efninu í sinn hlut fyrir vikið.

## VIII.

Í september keypt 8 LSD töflur af Ólafi Braga Bragasyni í Reykjavík á kr. 2.000 hvert stykki, gefið ónafngreindum kunningjum sínum 4 þeirra og notað 4 sjálfur.

## IX.

Í fyrri hluta október ásamt Ólafi Braga Bragasyni keypt 435 gr af hassi og um 9 grömm af amfetamínudufti í Reykjavík enn fyrir sama varnarliðsmanninn og áður, og tóku ákærði og nefndur Ólafur Bragi í sinn hlut 35 eða 50 gr af hassinu og 145 dali fyrir vikið.

## X.

Fyrir utanför sína 11. október tekið við 3.500 bandaríkjadölum frá framangreindum varnarliðsmanni á Keflavík-urflugvelli til hasskaupa, og

átti ákærði að fá í sinn hlut helming þess hassefnis, sem hann keypti. Hinn 16. s. m. keypt 2.5 kg af hassi í Amsterdam fyrir 2.000 dali og 1.250 gyllini og póstlagt efnið 23. s. m. í Amsterdam til sendingar hingað til lands, og var hassið þá falið í myndastyttu, sem ákærði útbjó sérstaklega í þessui skyni, en 27. s. m. lagði lögreglan hald á allt efnið í Reykjavík."

Í ákæruskjali eru framangreind brot ákærða talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er tekur til brots ákærða í IX. lið.

Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upp-töku á framangreindum 2.5 kg af hassi samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 5. mars 1954 í Hafnarfirði. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1974 23/4 í Gullbringusýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 22/8 1973.

1975 10/12 í Gullbringusýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðalaga. Ökuleyfissvipting í 1 mán. frá 10/12 1975.

1976 4/3 í Gullbringusýslu: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80 gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 4/3 1976.

1978 4/12 í Reykjavík: Sátt, 35.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 21/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

#### MÁLSATVIK.

Í júní 1976 hófst í Keflavík rannsókn á fíkniefnamisferli nokkurra aðilja, og sættu þrír piltar gæsluvarðhaldi vegna málsins, og var ákærði einn þeirra. Ákærði var handtekinn þann 9. júní þ. á. og var í haldi vegna rannsóknarinnar, uns hann daginn eftir hóf afplánun sektar, en var þann 14. s. m. og í sakadómi Keflavíkur úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 10 dögum, en gæsluvarðhald ákærða var í ofangreindum sakadómi og þ. 24. s. m. framlengt um allt að 15 dögum, en ákærði gekk laus 30. s. m. og hafði þá viðurkennt ýmsar sakir.

Í júlí s. á. hófst hér fyrir dómi og samhliða hjá ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu mjög umfangsmikil rannsókn á fíkniefnamisferli margra aðilja, og var ákærði þar borinn sökum um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlendis. Var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 28. október þ. á. og neitaði fíkniefnameðferð umfram áður viðurkennt hjá lögreglu í Kelfavík og var daginn eftir og hér fyrir dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en gekk laus 7. nóvember s. á. og hafði þá hér fyrir dómi viðurkennt sakir, er verður nánar að vikið. Ofangreint ákæruskjal er byggt á ofangreindum rannsóknnum, og skal hér vikið að sakarefni í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir.

#### I. ákæruliður.

Þessi ákæruliður er byggður á játningum ákærða, og skal nú fyrst vikið að framburðum ákærða þar að lútandi.

Ákærði gerði skriflega grein fyrir fíkniefnamisferli sínu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 23. júní 1976 og lýsti þá m. a. utanför sinni í janúar 1976 til hasskaupa, og segir ákærði svo frá í nefndri skýrslu:

„Einum eða tveimur dögum eftir að bróðir minn fór á loðnuvertíðina greip ég til þess örþrifaráðs að nurla saman þessum 300.000.- þúsund kr., er ég hafði tök á að ná í og skellti mér snemma að morgni til Danmerkur og fór beinustu leið af Kastrupflugvelli til Christaníu. Reyndi ég þar að leita uppi einhverja Íslendinga, sem mér ekki tókst.

Hitti ég þar pilt er var kallaður Ottar. Þar ég upp erindið við hann og kvaðst hann geta hjálpað mér. Var þetta á öðrum degi mínum í Christaníu. Keypti ég af honum 600 gr. af kannabis. Skiptist það þannig niður, að ég fékk 400 gr. af svarbrúnum afganistan, 100 gr. af Nepal, er ég sendi bróður mínum 5. gr. af til Seyðisfjarðar, og 100 gr. af grænbrúnum marokkó ef ekki hvoru tveggja blandað saman, þar sem ég var aldrei viss á því efni. Á fjórða degi kom ég aftur heim og hafði meginhluta efnisins bundinn við kálfana og eitthvað inn á pung. Vissi ekki nokkur lifandi sála hér heima, að ég tók mér þetta ferðalag á hendur, þar sem ég vissi hversu háar sektir eru við slíku. Hafði ég búið þannig um hnútana að enginn mundi sakna mín. Hóf ég nú til óspilltra málanna að koma efninu út. Þar sem ég var ekki í neinum samböndum á vellinum, ákvað ég að beita fyrir einhverjum bandaríkjamanni í von um að hann biti á agnið. Fór ég þess vegna í Midnight-Sun með pípuna mína og kannabis og tóbaki blandað saman. Reykti ég síðan pípuna í klúbbnum og spjallaði eftir bestu getu við marga bandaríkjamenn. Loksins fór það svo að einn beit á agnið og rann á lyktina. Reyktum við síðan saman og bað hann mig um að útvega sér efni. Hafði ég haft með mér 50 gr. af kannabis, allar þrjár sortirnar. Kvaðst ég geta selt honum strax 50 gr. Fór hann

síðan út og kom aftur eftir ca klukkutíma með peninga (eða 350\$). Það hann mig að útvega sér meira og ákváðum við, að hann fengi 300 gr næsta föstudag, því þá hafði verið payday rétt áður, eða eitthvað svoléiðis. Fór ég síðan næsta föstudag og gerðum við viðskiptin. Seldi ég honum þá 300 gr. á 2000 þús. \$. Öddi sá síðan um að selja fyrir mig ca 100 gr. Ekki man ég hvernig tegundirnar skiptust á sölunni, en mest fór auðvitað af afganistanum uppeftir. Hafði ég með þessu móti selt alls ca 450 gr að verðmæti ca. 600.000 þúsund, er hér var komið sögu. Fannst mér ég vera búinn að græða nóg og ætlaði mér í einkaneyslu 150 gr.

Faldi ég efnið á þremur stöðum.

1. Hjá miðstöðvarkatlinum að Þórustíg 3.

2. Kjallara heima hjá foreldrum.

3. Háalofti í íbúð foreldra minna að Leifsgötu 21, Rvík.

Faldi ég 50 gr. á hverjum stað.

Eitt sinn er ég var staddur í Klúbbnum í Reykjavík og var ég með nokkrar bjórkollur er ég var að sulu í mig þar inni (henti ég þeim tómu undir næstu borð) kom þar að mér maður ca. 30—35 ára gamall og settist að borðinu gegnt mér og bað mig um bjór, lét ég hann hafa 2 kollur fyrir tvöfaldan vodka í kók er hann splæsti í staðinn. Spurði hann mig hvort ég gæti útvegað honum bjór, kvaðst ég athuga það og gaf honum upp nafn og heimilisfang og ætlaði hann að hringja í mig á tilsettum tíma er ég hafði kannað möguleika fyrir því. Leitaði ég síðan að þessum kana er ég hafði selt kannabísið og hafði að lokum upp á honum í Messanum. Bauð ég honum þá upp á þau viðskipti af fyrir hver 5 gr. af hassi fengi ég 4 kassa af bjór. Tók ég síðan bílaleigubíl er sá í Reykjavík hafði haft sanband við mig og bað hann um 10 kassa en ég vildi fá 50 þúsund kr. fyrir. Gerði ég síðan stefnumót við hann bakvið langa Grandahúsið þrem dögum síðar. Ég gleymdi að geta þess að um leið og ég gerði samkomulagið við kanann ákváðum við að hann skildi koma bjórkössunum fyrir mig í málarábössinum við Power-húsið. Gekk þetta allt saman greiðlega fyrir sig og fékk ég 24 kassa fyrir 30 gr. því ég lék sama leikinn tvisvar. Komst ég að því að þessi bandaríkjamaður hét Jim eða Jimmy ég vissi aldrei hvort var, en ég er viss um að hann komst aldrei að mínu nafni. Komst ég að því um viðtakandann í Reykjavík að hann er prentari hjá einhverju dagblaðinu. Ég er dálítið illa settur með það, að þegar ég gerði viðskipti var það fyrsta sem ég vildi ekki, var það að menn vissu nafn á mér og vildi ég ekki heldur vita nafn þeirra. Taldi ég að með því móti yrði báðum borgið, ef eitthvað kæmi upp á teninginn. Hætti ég síðan þessum viðskiptum, þar sem ég taldi þau of áhættusöm og of margir sjensar fyrir mig að fara gegnum

hliðið. Prentarinn hringdi í mig og þrábað mig að koma með meiri bjór, en ég neitaði. Þessi 30 gr er fóru í þessi viðskipti tók ég af þeim 150 gr. er ég ætlaði sjálfum mér. Þar sem ég átti nóg af kannabis til að reykja næstu mánuði, þurfti ég ekki að kaupa neitt, en lét líta út fyrir stundum að ég væri búinn og hefði krækt í meira. En ekki seldi ég oftast hass t.d. í verkfallinu þá virtist allt hasslaust út um allt, þá reykti ég úr lítilli einsmannspípu (lítill pípa, búin til úr fittings) í laumi fyrir félögum mínum. Það skal ekki undra þótt ég hafi orðið reiður, er Róbert Rósmann stal af mér því síðasta er ég átti af afganistanum, þar sem mér hafði tekist svo lengi að luma á honum. Það sem skeði það kvöld er sá aumi þjófnður var framinn er á þessa leið. Hafði ég um kvöldið farið að Leifsgötu 21, þar sem ég átti enn eftir falið 20 gr. af afganistan ca. 15 gr. af marokkólibanum og ca. 5 gr. af Nepal. Fór ég í Klúbbinn og datt í það. Eftir ball fór ég til „Hansa“, gaf ég í pípu þeim er þar voru. Það var mér til gæfu að allt var ekki í hægri vasa úlpunnar, því þar var aðeins afganistan og í hinum hitt, man ég það er ég lagðist til svefns að ég lá ofan á vinstri vasanum þannig að ræfillinn náði ekki nema til annars vasans er ég svaf.“

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 3. nóvember 1976 og vísaði þá til þess að hafa formlega frá skýrt í lögregluskýrslum, þá er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í júní þ. á., ýmsum tilgreindum fíkniefnabrotum og staðfesti að hafa í janúar þ. á. í Kaupmannahöfn keypt 600 gr af hassefnum og flutningi þeirra hingað til lands og að hafa selt um 450 gr þar af til varnarliðsmanna.

Þann 7. nóvember s. á. og hér fyrir dómi staðfesti ákærði enn fyrri framburð um ofangreind hasskaup og án breytinga eða athugasemda.

Er ákærða var birt ákæruskjal ofangreint þann 29. nóvember sl., kvað ákærði játningar sínar þennan lið varðandi fengnar fram með þvingunum hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og sig því saklausan af hér greindum sakarefnum.

Karl Bergur Gränz, fæddur 20. september 1955, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 18. júní 1976 og lýsti þá m. a. að hafa skömmu áður en hann hélt til loðnuveiða eftir áramót 1975—1976 með m/s Ársæl beðið bróður sinn, ákærða í máli þessu, að útvega sér hass til eigin nota og senda sér austur til Seyðisfjarðar. Hassefni þetta kvaðst nefndur Karl aldrei hafa fengið í hendur, enda frétt, að lögreglan þar á staðnum hefði tekið pakkann í sínar vörslur.

Lögreglan á Seyðisfirði lagði þann 19. apríl 1976 hald á pakka, sem fannst í húsnæði Hafsildar h/f þar á staðnum, merktan hr. Karl B. Gränz, Ásgeiri, RE 60, Seyðisfirði. Í efnaskrárbók ávana- og fíkniefnadeildar

Reykjavíkurlögreglu er eftirfarandi bókun varðandi Karl B. Gränz þann 20. apríl 1976:

„Í dag kom á skrifstofu ÁFD Þorbjörn Þorsteinsson lögr.m. á Seyðisfirði með pakka merktan Karli B. Gränz, Ásgeiri RE 60, Seyðisfirði. Í pakkanum voru m. a. fáeinir litlir molar af dökku efni, sem talið er vera hass.

Efnaprófun var gerð á molunum, og reyndist svörun þeirra jákvæð.

Efnið var vegið í álpappírsumbúðum, og reyndist þyngdin vera 5.2 grömm. Efnið er geymt hjá deildinni, merkt sýni 150.“

Hreinn Líndal Jóhannsson, fæddur 12. ágúst 1956, var yfirheyrdur hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 12. nóvember 1976 og kvaðst þá í tvö skipti vorið 1976 hafa keypt hassefni af ákærða. Nefndur Hreinn kvað efnismagn hafa verið 5 gr í hvort sinn og fyrir hvert gramm hafa greitt 1.200-1.400 kr. Nefndur Hreinn staðfesti ofangreint þann 13. apríl 1978 og hér fyrir dómi.

Róbert Rósmann Guðjónsson, fæddur 25. febrúar 1956 í Keflavík, lýsti 17. júní hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík þjófnaði sínum á hassi frá ákærða, og var þá eftirfarandi bókað eftir nefndum Róbert Rósmann:

„Fyrir rúmlega mánuði var ég staddur í partýi á Grettisgötu fyrir ofan versl. Hansa, en þar bjuggu þrjár stúlkur, Svandís, Arna og Dory, frá Akranesi og Stykkishólmi. Akranesstúlkurnar (Arna) munu hafa vitað um 18 þúsund krónurnar.

Þarna komu m. a. Karvel og Karl Gränz. Karvel var þarna með talsvert af hassi og bauð gestum í pípu. Ég sá hann með 3 tegundir af hassi. ca 10—15 gr af rauðum Libanon, 10 gr af einhverju ljósu (Marokkó) og 12 gr af svörtum afganistan. Þessum 12 gr stal ég úr vasa Karvels, þar sem hann svaf þarna inni um morguninn. Þeir, sem vissu um þetta, voru þeir Gísli Guðjónsson og Friðrik Kristófer. Tveimur dögum seinna fórum við norður til Akureyrar, ég, Gísli, Friðrik Kristófer og Guðmundur (Maó). Efnið reyktum við í þessari norðurferð.

Ég hitti Karvel, þegar ég kom suður, þar sem hann var í Mustang bifreið Smára Traustasonar við Laugardalsvöllinn í Rvík. Þarna í bifreiðinni var einnig Einar Traustason og líklega Guðmundur Margeirsson, Háholti 19. Karvel veittist þarna að mér og bar á mig hassþjófnaðinn. Ég svaraði honum litlu og gekk á burt.

Þeim, sem í bifreiðinni voru, var kunnugt um, hvað Karvel var að tala um við mig.“

Guðmundur Örn Ólafsson, fæddur 4. júní 1957, var yfirheyrdur hjá lögreglu í Keflavík 30. júní 1976 og neitaði þá aðspurður að hafa selt eða aðstoðað ákærða við sölu á hassefnum, og í samprófum með ákærða sama dag hélt nefndur Guðmundur Örn fast við fyrri framburð.

Gísli Þorbergur Guðjónsson, fæddur 1. apríl 1955 á Ísafirði, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu 12. desember 1978 og bar þá að hafa á árinu 1976 keypt 5 gr af hassi af ákærða, en jafnframt að hafa ítrekað ásamt honum neytt hassefna. Nefndur Gísli Þorbergur var enn yfirheyrður hjá lögreglu næsta dag, og var þá eftir honum bókað:

„Aðspurður kveðst mætti hafa við sinn fyrri framburð að bæta, hvað varðar ferð, sem hann hafi farið til Akureyrar sumarið 1976 ásamt Guðmundi, kölluðum Maó, Róbert Rósmann og manni, sem mætti kveðst ekki vita önnur deili á en þau, að hann hafi verið um tvítugt, þrekvaxinn, með sítt, liðað brúnleitt hár og mikið alskegg. Hafi maður þessi verið frá Akranesi, að því er mætti telur. Mætti kveður þetta hafa verið skemmtireisu hjá þeim félögum og þeir Róbert og Maó haft fíkniefni með sér. Kveður mætti Maó hafa verið með 60 gr af „grasi“, en Róbert 15 gr af hassi, svörtu að lit, og Karvel sagt mætta, að hann hafi stolið því frá honum. Grasið hafi hinsvegar verið frá einhverjum frænda Maós, að mætti telur, en nánar þar um kveðst mætti ekki vita. Aðspurður kveðst mætti ekki vita, hvort þeir hafi selt eitthvað af efnunum á Akureyri, en þeirra verið neytt af þeim fjórum og mætti ekkert greitt fyrir það.“

Nefndur Gísli Þorbergur staðfesti ofangreindan framburð sinn hér fyrir dómi sama dag.

## II. ákæruliður.

Í skýrslu, er ákærði gaf hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 23. júní 1976, skýrði ákærði frá kynnum sínum af stúlku, er hann kvaðst hafa hitt í veitingahúsinu Tjarnarbúð í Reykjavík í apríl þ. á., og viðskiptum við hana með speed efni. Ekki gat ákærði sagt nein deili á stúlkunni, en kvaðst hafa hitt hana aftur á sama stað í lok apríl og af henni keypt 50 gr af Libanon-hassi.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögareglu í Keflavík 30. júní s. á. og óskaði þá eftir því að gera leiðréttingu á ofangreindum framburði sínum, og var þá eftirfarandi eftir ákærða bókað:

„Ég vil nú gera leiðréttingu á framburði mínum, dags. 23. þ. m., þar sem segir í niðurlagi á bls. 4, að ég hafi keypt 50 gr af stúlku í Tjarnarbúð í apríl-mai s.l. Það rétta er, að ég keypti fyrri hluta apríl 150 gr af stúlku þessari, en ekki 50 gr eins og fram kemur. Verð var kr. 1.200 fyrir hvert gramm. Féð var afgangur af sölu frá því í jánúar, eins og fram hefur komið. Ráðstöfun þessa efnis var þannig, að Tryggvi Kristjánsson fékk hjá mér 90 gr fyrir 1.400 hvert gr. Ég tapaði af þessu 10 gr, en það magn faldi ég utan við sumarbústað föður mins í Þrastarskógi og fann ekki

aftur. 50 gr eða það, sem eftir var, hafði ég til eigin þarfa á u. þ. b. 2 mánaða tímabili.“

Ákærði staðfesti hér fyrir dómi 7. nóvember 1976 samantekt yfir þá fikniefnameðferð, er hann hafði áður lýst, og hljóðar 3. liður þeirrar samantektar svo:

„Í apríl hér á landi keypt 150 gr af hassi og endurselt að hluta.“

Tryggvi Bjarni Kristjánsson, fæddur 7. október 1959, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 14. desember 1979, en nefndur Tryggvi hefur verið langdvölum erlendis og því illa gengið að ná til hans. Í nefndri lögregluyfirheyrslu var bókað svo eftir Tryggva:

„Aðspurður kveðst mætti minnst þess að hafa á árinu 1976 trúlega í apríl selt varnarliðanum Gary 90 gr af hassi, sem mætti kveðst hafa fengið frá Karvel Gränz. Ekki kveðst mætti muna, hvað hann hafi greitt fyrir gr, en telur, að það hafi ekki kostað sig meira en kr. 1.000, þar sem mætti kveðst hafa haft þá reglu að kaupa ekki hass á hærra verði en ofan greinir á þessum tíma, en í það allra hæsta kr. 12.000. Aðspurður kveðst mætti telja, að nefndur Gary hafi keypt efnið á 7\$ pr. gr, og mætti telur líklegt, að efnisafhendingin hafi átt sér stað heima hjá honum á Keflavíkurflugvelli. Aðspurður segir mætti, að Karvel hafi komið á heimili mætta og afhent efnið þar, en mætti kveðst minnst þess glögggt, að um hafi verið að ræða rauðan Líbanon hass. Mætti segir, að hann og Karvel hafi verið tveir einir, er efnisafhendingin átti sér stað. Mætti kveðst einnig minnst þess, að umrætt efni hafi verið í einum köggli í sigarettupakka. Mætti kveðst hafa vigtað efnið, áður en Karvel hafi afhent efnið, en mætti segir, að Karvel hafi áður verið búinn að vigta efnið og mætti einungis verið að staðfesta vigtina.“

Nefndur Tryggvi staðfesti ofangreindan framburð sinn hér fyrir dómi 14. desember 1979.

### III. ákæruliður.

Þessi ákæruliður er í samræmi við játningar ákærða, og lýsti ákærði þar greindri fikniefnameðferð hér fyrir dómi 4. nóvember 1976, og var þá eftir ákærða bókað:

„Mætti kveðst sennilega fyrst í apríl s.l. hafa kynnst varnarliða, Wayne að nafni, fyrst vegna innritunar þess aðila á mætta í skemmtiklúbba á flugvelli. Skjótt eftir það kvaðst mætti hafa tekið að venja komur sínar í herbergi Wayne, nánar nr. 222 í byggingu nr. 747, og hafi herbergisfélagi annar virst af indíánaættum, en hinn heitið Roger. Mætti taldi alla íbúa við nefndan gang í húsi nr 747 hafa starfað við pósthús hers. Þar hafi oft á herbergjum verið haft um hönd marihuana, og kvaðst mætti

hafa talið það verða rakið til góðrar aðstöðu íbúa að leyna slíkum efnum um pósthús.

Umbeðinn lýsti mætti nefndum Wayne og nánar þannig: Hávaxinn eða allt að 1.90 cm, grannur, hár dökkt, slétt og afturgreitt, snyrtilega til fara og svo að sjá sem fót væru keypt hér á landi eða með öðru yfirbragði en fót, er Bandaríkjamenn hér á landi almennt klæðast.

Mætti kvað umræður hafa beinst að fíkniefnum og einnig Kaupmannahafnarför mætta til hasskaupa í janúar. Síðar hafi verið ráðgert, að mætti færi til Hollands til hasskaupa með 3.000 US\$ frá Wayne og vini hans Dean. Sá síðarnefndi hafi þó fremur kosið, að mætti gerði kaup í Reykjavík, enda síðar komið í ljós, að sá átti meginhluta fjár.

Mætti kveðst án árangurs hafa leitað ásjár Franklins K. Steiner og þá ákveðið án samráðs við varnarliða að halda utan til kaupa. Þó með Karli bróður sínum sent nefndum Wayne bréf þar um.

Þá að morgni 14. maí s.l. haldið einn flugleiðis til Kaupmannahafnar, en þaðan áfram að kvöldi, nánar með næturlest til Hollands eftir 1½ sólarhrings dvöl í Kaupmannahöfn. Á þeim tíma þar án árangurs reynt hasskaup. Komið til Amsterdam að morgni og þar á réttu nafni skráð sig inn á hótél, er heiti Peet Hein og standi rétt við mjög stóran garð í miðri borginni. Eftir nokkrar umleitanir kvaðst mætti hafa hitt Pakistانبúa, er lofað hafi að bjarga málum. Sá og mætti haldið til hótels og skoðað peningana. Hafi þá nefndur aðili horfið frá, en komið aftur um 1 klst. síðar til hótélherbergis og þá með 1200 gr af hassefnum, nánar af libanongerð, efni ljósbrúnt að lit í 300 gr böllum s. n. eða léreftspokum og á hverjum slíkum blár stimpill með mynd af konu, austurlenskri að yfirbragði, er hélt á laufblaði. Áletranir engar.

Mætti kveðst hafa viljað fá 1½ kg fyrir 2.000 US\$, en ekki fyrir þá upphæð náð samningum um meir en nefnd 1200. Þá kvaðst mætti hafa dvalið yfir nóttina á nefndu hóteli, en haldið með morgunlest til Luxemburg og flutt efni þá leið, falin innan klæða, nánar fest við líkama með teygjubindi. Sofið mestan hluta dags á hóteli í Luxemburg, en næsta dag keypt flugfermiða til Íslands og haldið með Flugleiðavél síðar þann dag til Keflavíkurflugvallar og þangað því á 5. degi farar. Efni hafi alla leið verið umbúið sem að ofan greini. Mætti fullyrðir, að 1.000 US\$ hafi á þeim tíma eyðst í ferða- og dvalarkostnað, en talsverða óreglu þó að auki og þar með kaupum á 25 gr af hassi í Kaupmannahöfn, en það magn kvaðst mætti hafa borðað í ferð.

Við heimkomu kvaðst mætti hafa talið fyrrnefndum Wayne og Dean trú um, að fyrir fé hefðu aðeins fengist 900 gr, og áskilið sér og fengið 300 gr þar af, en samkvæmt því 300 gr að auki. Tæpri viku síðar kvaðst mætti hafa selt nefndum aðilum 300 gr fyrir samtals 1.800 US\$ og enn

nokkrum dögum síðar 200 gr fyrir 1.200 US\$, en sjálfur notað 100 gr.

Til tímaviðmiðunar staðfesti mætti að hafa 8. júní s.l. verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og losnað úr því 29. eða 30. júní. Áðurnefnd 200 gr sala hafi orðið mjög nærri mánaðamótum mai-júní s.l. og sú 100 gr sala, sem lýst var í gær til nefnds Wayne á blöndu af marihuana, hassolíu og hunangi fyrir 600 US\$, hafi orðið rétt áður en mætti var úrskurðaður."

Ákærði staðfesti hér í dómi daginn eftir afstöðumynd, er hann í framangreindu þinghaldi teiknaði og sýndi afstöðu íbúðarblokkar 747 á Keflavíkurflugvelli, nánar dvalarstað nefnds Wayne.

Þann 7. nóvember s. á. var hér í dómi farið yfir einstök atriði framburða ákærða í fyrri þinghöldum, og staðfesti hann þá enn framangreind hasskaup í Amsterdam á vegum varnarliða og flutning hingað til lands.

Er ákærða var birt ákæra 29. nóvember sl., lýsti hann því yfir, að játningar sínar þennan ákærulið varðandi hefðu verið fengnar fram með þvingunum hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og ákærði því saklaus af ofangreindum sökum. Ekkert kemur fram í gögnum málsins, er bendir til þess, að sakarefni í þessum lið ákæruskjals hafi verið til umfjöllunar í ofangreindri rannsókn hjá lögreglu í Keflavík.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, bar hér fyrir dómi 26. október 1976 að vita, að ákærði hefði í byrjun árs 1976 haldið til Amsterdam og keypt um 1 kg af hassi, nánar af Marrokkó tegund, sem að mestu hafi verið selt varnarliðum, en sjálfur kvaðst nefndur Franklín Kristinn af ákærða hafa keypt 50 gr í tvennu lagi fyrir 11-1.200 kr. grammíð.

#### IV. ákæruliður.

Hér fyrir dómi 3. nóvember 1976 lagði ákærði fram handskrifaða greinargerð, nánar 6 bls., og staðfesti að hafa þar réttilega skýrt frá fíkniefnamisferli sínu. Var ákærði spurður um einstök atriði í nefndri skýrslu og staðfesti að hafa nærri hvítasunnu 1976 af Franklín K. Steiner keypt 100 gr af marihuana og 5 gr af hassolíu, afhendingar hafi orðið í tvennu lagi og báðar að Suðurgötu 8 í Reykjavík. Kvaðst ákærði hafa greitt 60.000 kr. fyrir marihuana-efnið, en upphaflega hafi nefndur Franklín þó sett upp 70.000 kr., en heildarverð hassolíu verið 35.000 kr., eða kr. 7.000 pr. gr.

Ákærði kvaðst hafa blandað saman ofangreindum efnum og dálitlu af hunangi, pressað saman í 120 gr klump eða köku, og sjálfur notað 20 gr, en 100 gr selt varnarliða að nafni Wayne á 600 bandaríkjadali, eða 6 dali hvert gramm. Kvað ákærði nefndan Wayne hafa búið í byggingu 747, herbergi 222, á Keflavíkurflugvelli og teiknaði uppdrátt af nefndum dvalarstað Wayne. Í þinghaldi hér fyrir dómi daginn eftir lýsti ákærði upphafi kynna

af nefndum Wayne sem að ofan er rakið undir ákærulið 3, og visast nánar hér um til þess, er þar segir.

Í þinghaldi 4. nóvember 1976 gat ákærði þess til nánari tímaviðmiðunar, að framangreind 100 gr sala til nefnds Wayne hafi átt sér stað rétt áður en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 8. júní 1976.

Er farið var yfir einstök atriði í framburði ákærða hér fyrir dómi 7. nóvember og gerð samantekt játninga ákærða, staðfesti ákærði enn ofangreind fíkniefnaviðskipti.

Er ákærða var birt ákæruskjal 29. nóvember sl., var eftir ákærða bókuð svohljóðandi athugasemd:

„Varðandi IV. lið ákæru gerir ákærði þá athugasemd, að hann hafi þegið að gjöf ca 100 gr af kannabisstönglum, en hins vegar keypt greind 5 gr af hassolíu. Þá kannast ákærði ekki við að hafa selt af þessu efni.“

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, staðfesti hér fyrir dómi 9. nóvember 1976 að hafa á umræddum tíma selt ákærða 7 gr af hassolíu á 6.000 kr. hvert gramm og jafnframt 100 gr af marihuana, en nefndur Franklín Kristinn hafði áður hjá lögreglu í Reykjavík 21. október s. á., sem að ofan, lýst viðskiptum við ákærða, en þá tekið fram, að afhendingar hafi farið fram á heimili sínu að Sudurgötu 8 í Reykjavík.

#### V. ákæruliður.

Í handskrifaðri greinargerð, sem ákærði lagði fram hér í dómi 3. nóvember 1976, eins og að ofan greinir, lýsti ákærði frekari fíkniefnaviðskiptum við áðurnefndan Franklín Kristinn Steiner og staðfesti í nefndu þinghaldi að hafa í mörgum smáum skömmtum og á löngu tímabili frá miðju sumri 1976 af nefndum Franklín Kristni keypt hassefni til eigin nota og nánar alls 100-150 gr af tveimur efnistegundum. Annars vegar grænt Marokkohass á 1.400 kr. hvert gramm og hins vegar Kashmir svonefnt á 1.300 kr. hvert gramm. ákærði kvað afhendingar jafnan hafa orðið í íbúð við Háaleitisbraut, þar sem húsum hafi ráðið einhver Hilmar.

Ákærði staðfesti ofangreint enn hér fyrir dómi 7. nóvember 1976.

Er ákærða var birt ofangreint ákæruskjal 29. nóvember sl., lýsti ákærði því yfir, að efnismagn í þessum lið væri 100 gr.

Áðurnefndur Franklín Kristinn Steiner lýsti í yfirheyrslum hjá lögreglu í Reykjavík 11. október 1976 og aftur 21. s. m. ofangreindum viðskiptum við ákærða á sama veg, utan magn hassefna hafi verið 250-300 gr og hafi ákærði greitt að hluta með bandaríkjadöllum, eða 150, en afgang í íslenskum krónum.

#### VI.-IX. ákæruliðir.

Þessir fjórir ákæruliðir eru allir byggðir á játningum ákærða, er fram

komu hér í dómi 3. nóvember 1976, en ákærði staðfesti þá skriflega greinargerð sína, sem að ofan er rakin. Í ofangreindu þinghaldi nafngreindi ákærði sem Kork Smith varnarliðsmann þann, er mest keypti af hassefnum af ákærða.

Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði aðdraganda þess, að hann síðla sumars átti milligöngu um útvegum hassefna frá Franklin Kristni Steiner til varnarliða, nánar 65 gr, en þessi milliganga verið upphafið að frekari viðskiptum. Ofangreind viðskipti kvað ákærði hafa átt sér stað nokkru eftir verslunarmannahelgi 1976. Kvaðst ákærði hafa kynnst Kork Smith áðurgreindum í gegnum varnarliðann Wayne, er ákærði átti fikniefnaviðskipti við sem að ofan er rakið.

Í nefndu þinghaldi var síðan um frekari viðskipti ákærða og nefnds Kork Smith bókað:

„Mætti kveður svo hafa verið um samið við ofangreinda 65 gr afhendingu milli sín og kaupanda, að þeir hittust hér í borg hálfum mánuði síðar, enda þá útborgunardagur á Keflavíkurflugvelli. Átti mót að verða við vélstjóráskóla hér í borg og mætti þá að hafa meðferðis 1 kg. af hassi, en kaupandi 5.750 US\$. Mætti kveður Franklin K. Steiner, þegar til átti að taka, ekki hafa verið í borginni og síðar freft, að sá hafi þá verið erlendis. Kveðst mætti þá enn í nefndri íbúð hafa leitað ásjár pílts að nafni Jón, sem á tímabili hafi ásamt Franklin og fyrrnefndum Hilmarí búið í margnefndri íbúð. Móðir Jóns þessa búi í Skólagerði 5. Jón þessi sé hávaxinn, fremur grannur með dökkt, stítt hár og alskegg. Hafi nefndur Jón talið sig geta útvegað umbeðið 1 kg af hassi og síðar þann dag í margnefndri íbúð fyrir milligöngu Jóns þangað komið pilt að nafni Einar en mætta þá með öllu ókunnan (sic). Hafi nefndur Einar flutt með sér hassefni af gerðinni grænn marokkó, nánar í plötuforni og mjög líklega 5 slíkar, aflangar um 1 cm á þykkt í plastumbúðum, loftþéttum. Hafi þeir mætti, Jón og Einar með vigtun í íbúðinni gengið úr skugga um, að efni væru samtals 1050 gr, og mætti afhent Einari 5.500 US\$, enda kaupandi ekki komið með meira fé. Sá hafi beðið í öðru herbergi íbúðar og hvorki séð Einar né Jón ofangreinda.

Mætti kveðst strax á eftir hafa afhent kaupanda efni, eða nánar 950 gr, því þeir mætti og Jón hafi hvor áskilið sér 60 gr fyrir milligönguna.

Við sama tækifæri hafi mætti og kaupandi samið um að hittast enn að hálfum mánuði liðnum og þá við vatnstanka hér í borg. Átti kaupandi þá að hafa meðferðis 5.750 US\$, en mætti 1 kg af hassi.

Kvaðst mætti í millitiðinni hafa samið við Franklin K. Steiner og að hans fyrirlagi á tilsettum degi beint áðurgreindum kaupanda og sama ökumanni, er áður getur, í austurhluta borgar og varnarliðar beðið í bifreið í grennd fjölbýlisshúss við Laugarnesveg, á meðan mætti með pen-

inga hélt þar inni íbúð, nánar Sigríðar Gísladóttur, sem þar var fyrir ásamt Franklin K. Steiner og fyrrnefndum Einari. Hafi þeir Franklín og Einar reitt fram hassefni í mörgum misstórum plötum, ferköntuðum, hverri um sig í loftþéttum plastumbúðum og þyngd skráð á hverja frá 100-135 gr. Tegund hafi verið kölluð Tyrki, efni ljósbrúnt að lit með grænleitum blæ þó og laust í sér eða duftkennt viðkomu.

Mætti kveðst frá Einari og Franklín hafa móttekið 1100 gr og báða hafa móttekið og talið greiðslu nánar 5.500 US\$.

Af efnum kveðst mætti fyrir milligöngu hafa áskilið sér 100 gr, en þess utan og án vitundar Franklíns og Einars 0.25 US\$ pr. gr, eða 250 US\$. Mætti bætir nú við, að eftir að hann fyrst kom í íbúðina, hafi fyrrnefndur Einar þurft að bregða sér frá og sækja efni.

Mætti tekur fram, að þegar nefnd viðskipti urðu, hafi Franklin K. Steiner þegar verið eftirlýstur af lögreglu. Samt sem áður hafi enn verið ákveðið stefnumót við kaupanda að hálfum mánuði liðnum, þá við Hallgrímskirkju og enn til kaupa á einu kg. Það stefnumót hafi orðið, en Franklín þá kominn í varðhald og allt í óefni. Mætti kveðst þá hafa rætt við Sigríði Gísladóttur, en hún ekki talið sig geta úr bætt. Kveðst mætti þá hafa minnst Ólafs Bragasonar, enda vitað af eigin raun, að sá gat oft útvegað fíkniefni og Franklín reyndar einnig áður sagt mætta, að nefndur Ólafur hafi selt varnarliðsmönnum 1 kg af hassefnum.

Loks kveðst mætti nokkru áður af nefndum Ólafi hafa keypt LSD, nánar 8 s.n. pappírs- eða pappasýrur á kr. 2.000 hverja, notað 4 slíkar sjálfur, en gefið kunningjum hinar 4. Ólafi nefndum hafi tekist að útvega 400 gr af s.n. Afganistan-hassi, nánast kolsvörtu efni, linu viðkomu í þrem misstórum plötuhlutum. Einnig 9 gr af s.n. amfetamíndufti. Mætti kveðst alls ekki vita, hvaðan Ólafur útvegaði nefnd efni, enda það tekið hann margra klst. umleitanir símleiðis. Mætti hins vegar í húsi við Frakkastíg beðið álengdar með fé, en kaupandi og ökumaður enn þar skammt undan í bifreið og þeir reyndar ekki vitað um milligöngu Ólafs.

Loks hafi komið bifreið að nefndu húsi og Ólafur frá mætta farið með fjárupphæð í US\$, sem nam kaupum, nánar 6 US\$ pr. gr. af hassi og 50 US\$ pr. 25 gr. af amfetamíndufti. Þá hafi þeir félagar reiknað kaupanda hvert gr af amfetamíni á 65 US\$ og hvert gramm af hassi á 6.50 US\$. Þannig hafi þeir félagar áskilið sér 145 US\$ fyrir milligönguna um amfetamín, en tekið út ofangreindan hagnað af hassi í þeim efnum og samtals fengið 35 gr. Þá hafi verið eftir 400 gr, sem mætti afhenti kaupanda og því með vissu keypt 435 gr.“

Akærði var enn yfirheyrdur hér í dómi 4. nóvember 1976 og lýsti þá nánar kynnum af Kork Smith margnefndum, og var þá eftirfarandi bókað: „Seinast í maí, sennilega eða rétt um sama leyti sem mætti seldi nefndum

Wayne síðustu 200 gr áðurnefnd hafi sá kynnt mætta fyrir varnarliða að nafni Moe. Sá hafi verið ca 1.75 cm á hæð, fremur þrekinn, með skolleitt mjög liðað hár. Að eigin sögn starfandi í Legal Office og hafa dvalið hér á landi í nær 5 ár. Hafi nefndur Moe fylgt mætta á fund og kynnt fyrir öðrum varnarliða, Kork Smith að nafni. Sá hafi þá verið að flytja inn í hornherbergi á efstu hæð sambýlishúss og félagar ýmsir verið að hjálpa honum að mála herbergi í bláum lit. Mætti kveðst ekki muna númer fjölbýlisshúss, en það standi við hlið húss númer 256, sem nefndur Kork Smith hafi síðar flutt í. Sá sé lágvaxinn, ekki feitur, en þó vel í holdum, með dökkt sitt og slétt hár, greitt fast niður og skipt í miðju. Öruggasta kennimerki sé þó yfirvaraskegg, sem nefndur aðili virðist hafa áratту eða kæk að snúa í sífellu upp á til endanna.

Hafi þeir mætti, Moe og Kork Smith haldið til húss númer 747 og þar á efstu hæð í 2. eða 3. herbergi frá vinstri, þar sem Moe hafi búið. Eftir umræður og umleitanir þeirra félaga hafi nefndur Kork Smith dregið fram umslag með 5.000 US\$ og beðið mætta að kaupa fyrir hass-efni í Reykjavík, enda þeim félögum báðum greinilega kunnugt, hver viðskipti mætti skömmu áður hafði átt við nefnda Wayne og Dean. Mætti kvaðst hafa haldið með fé til Franklins K. Steiner, en sá strax sagt, að engin efni væri að fá. Kveðst mætti þegar næsta dag hafa skilað nefndum Kork Smith fjárhæð óskertri, nánar í skoti við s.n. CPO klúbb skammt frá húsi, er K. Smith bjó í. Eftir það kvaðst mætti ekki hafa hitt nefndan K. Smith næstu þrjá mánuði eða þar um bil.

S.l. haust frá Franklín K. Steiner frétt, að Ólafur Bragason muni hafa selt K. Smith um 1 kg af hassefnum. Eftir það hafi bæði nefndur Ólafur og K. Smith hvor í sínu lagi staðfest það við mætta.

Mætti kveðst í þinghaldi í gær hafa lýst réttilega í öllum atriðum stefnumóti við vélstjóráskóla og viðskiptum í því sambandi. Kaupandi þar hafi hins vegar verið margnefndur Kork Smith, en ökumaður mætta með öllu ókunnur. Hafi þeir félagar verið í stórrí amerískri bifreið, 8 strokka, ljósblárrí að lit, árgerð 1968 eða þar um bil.

Mætti kveðst nú, er hann hefur afráðið að nafangreina varnarliða, vilja bæta nokkru við lýsingu í þinghaldi í gær á viðskiptum í íbúð við Háaleitisbraut. Hið rétta sé, að bæði fyrrnefndur Jón og einnig húsráðandinn Hilmar hafi auk mætta séð vel og reyndar rætt lengi við Kork Smith og ökumann, nánar í margnefndri íbúð við Háaleitisbraut. Öll atriði önnur í fyrri frásögn mætta af nefndum viðskiptum og aðdraganda séu nákvæmlega rétt. Einnig lýsing á næsta stefnumóti við vatnstanka og eftirfarandi viðskipti í íbúð við Laugarnesveg. Þar hafi Kork Smith hins vegar aftur verið á ferðinni sem kaupandi með sama ökumanni og áður og í sömu bifreið. Enn sé í þinghaldi frá í gær í öllum atriðum

rétt lýsing mætti á aðdraganda og framkvæmd viðskipta í félagi við Ólaf Bragason. Þar hafi Kork Smith enn verið kaupandi, ökumaður enn hinn sami, en að þessu sinni ekið grárri jeppabifreið af Toyota-gerð. Mætti kveðst telja mjög líklegt, að Ólafur Bragason hafi vitað, hver raunverulegur kaupandi var.”

Einar Sigurhansson, fæddur 10. mars 1955, sætti gæsluvarðhaldi vegna aðildar að stórfelldri dreifingu hassefna sumar og haust 1976. Hér í dómi 4. nóvember 1976 lýsti nefndur Einar dreifingu á verulegu magni hassefnis fyrir Gunnar Gíslason. Kvaðst nefndur Einar hafa fengið skilaboð um að hitta Jón Rúnar Einarsson að Háaleitisbraut 43 og hafi þetta verið að kvöldi 3. september. Er að Háaleitisbraut kom, hafi Jón Rúnar hins vegar ekki verið við, en húsráðandi, Hilmar að nafni, spurt, hvort nefndur Einar gæti selt hass á 5 bandaríkjadali grammið og alls fyrir 5.500 dali. Þessu kvaðst Einar hafa hafnað, en kvaðst geta selt á 5.25 dali, hafi síðar orðið að samkomulagi, að einingarverð yrði 5.25 bandaríkjadali og fjárhæð alls 5.500 slíkir. Kvað Einar nefndan Jón Rúnar hafa beðið sig að koma með efni kl. 2130 um kvöldið.

Nefndur Einar kvaðst síðan hafa komið með efni á Háaleitisbraut laust eftir kl. 2130, en þar þá verið fyrir margt manna. Kvaðst Einar hafa haldið inn í herbergi með Jóni Rúnari og sýnt honum efnið, er verið hafi 5 plötur af Marokkóhassi og smámoli að auki og efni samtals vegið 1047 gr. Þá kvað nefndur Einar pilt, er hann þá hafi ekki þekkt, hafa komið inn í herbergið með bréfpoka og í honum dollarar. Þetta var Karvel Gränz. Að boði sinu hafi peningar verið taldir og þeir verið 5.500 bandaríkjadali í 20\$ seðlum. Nefndur Einar kvaðst hafa ákveðið að eiga skamma viðdvöl þarna og því hafa tekið peningana og haldið á brott, en skilið efni eftir hjá Jóni og ákærða, en nefndur Jón Rúnar sagt sér, að efni færi til varnarliða, og „hafa haft á tilfinningunni”, að þeir væru staddir í íbúðinni.

Nefndur Einar var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 8. nóvember 1976 og lýsti þá frekari afhendingu hassefna til ákærða. Kvaðst nefndur Einar ásamt Franklín Kristni Steiner og nokkru eftir framangreinda afhendingu, en í sama mánuði, hafa afhent ákærða hassefni, er ákærði hafi greitt fyrir með 5.500 bandaríkjadöllum, en afhending farið fram á heimili Sigríðar Gísladóttur við Laugarnesveg í Reykjavík.

Jón Rúnar Einarsson, fæddur 3. nóvember 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 6. janúar 1977, hafði áður verið erlendis um hríð og því ekki náðst til hans fyrr. Lýsti nefndur Jón Rúnar sölu hassefna fyrir Einar Sigurhansson og þá jafnframt milligöngu um sölu á einu kg hassefnis til ákærða haustið 1976. Í nefndri yfirheyrslu var eftir Jóni Rúnari bókað:

„Mætti segist hafa fengið mest frá Einari, eftir að Franklín var settur í fangelsi. Skömmu eftir það hafi mætti flækst inn í sölu á einu kg af

marokkohassi. Mætti segir það nánast hafa verið tilviljun, að hann kom þar nálægt málum. Nánar skýrir mætti þannig frá þessu atviki, að Karvel Gränz hafi komið að máli við mætta og spurt sig, hvort ekki væri í lagi, að umrædd sala færi fram að Háleitisbraut 43. Mætti kveðst hafa fallið fyrir þessu gegn 15-20 grömmum af hassi í sinn hlut. Mætti kveðst ekki hafa verið viðstaddur sjálf viðskiptin, en tekið þátt í þessu á þann hátt að stefna Einari Sigurhanssyni með efnið á Háaleitisbraut á sama tíma og Karvel kom með 2 ameríkana af Vellinum. Mætti kveðst hafa séð báða varnarliðana og hafa heyrt Karvel kalla annan þeirra „Kork“. Er nefndum Jóni Rúnari var birt ákæruskjal hér í dómi 8. janúar 1980 og hann þá spurður um ofangreind viðskipti, þá kvaðst hann hafa fengið 50 gr frá ákærða fyrir sinn þátt í ofangreindri milligöngu.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, lýsti hjá lögreglu í Reykjavík 21. október 1976 og hér fyrir dómi 11. nóvember s. á. að hafa verið viðstaddur afhendingu 1100 gr af hassi til ákærða. Kvaðst nefndur Franklín hafa verið eigandi efnis og hafa keypt það ásamt meira magni í Rotterdam í ágúst 1976, en Einar Sigurhansson annast sölu þess til ákærða á heimili Sigríðar Gísladóttur við Laugarnesveg og ákærði greitt með 5.500 bandaríkjadöllum, allt í 20\$ sedlum. Hér fyrir dómi kvað nefndur Franklín efnismagn alls hafa verið 1100 gr af tyrknesku hassi, nánar í u. þ. b. 100 gr plötum, og kvaðst vita, að ákærði væri að útvega efnið fyrir varnarliða, er ákærði hitti í Öskjuhlíð.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, var hér í dómi þann 5. nóv. 1976 yfirheyrður um viðskipti við ákærða, og var þá eftirfarandi bókað:

„Kveðst mætti þá vilja viðurkenna að hafa selt Karvel Gränz 8 pappasýrur, en auk þess útvegað honum hass nú í byrjun okt. Kveðst mætti á þeim tíma hafa búið á Frakkastíg í íbúð, sem Sigríður vinkona Ragnheiðar E. Spencer hafði.

Mætti segir Karvel hafa komið á Frakkastíg og bedið mætta að útvega hass fyrir \$. Ekki kveðst mætti muna heildarfjárhæð. Mætti kveðst hafa hringt í Eirík í Drápuhlíð í síma 21032 og mælt sér mót við hann við Iðnskólann. Þangað kveðst mætti skömmu síðar hafa haldið einn og keypt af Eiríki 435 grömm af svörtu afganhassi í 3 eða 4 plötum. Mætti kveðst nú muna, að hvert gramm hafi verið selt á 6\$. Segist mætti síðan hafa afhent Karvel þetta efni, en þeir í sameiningu tekið af því 50 grömm, en það hafi komið til af því, að þeir voru með lélega vigt, meiningin hafi verið að taka aðeins 35 grömm. Mætti kveðst ekki vita, fyrir hvern Karvel var að útvega þetta efni.”

Nefndur Ólafur Bragi var yfirheyrður hér í dómi 15. nóvember 1976 og

bætti þá við framburð sinn atriðum, er hann kvaðst ekki hafa munað eftir áður, og var þá bókað:

„Mætti ítrekar að hafa hér í dómi lýst því að hafa útvegað Karvel Gränz liðlega 488 grömm af svörtu hassi, Afgan, ca. 10-12 dögum áður en Karvel hélt til Hollands í okt. sl. Segir mætti, að Karvel hafi komið til sín á Frakkastíg, þar sem mætti var hjá Sigríði B. Segir mætti, að Karvel hafi verið með töluvert af US\$ og beðið sig að útvega speed og hass. Kveðst mætti hafa sett sig í samband við Eirík í Drápuhlíð og hann sagst geta útvegað 8 gr af speed á 60\$ grammið, eða sem svaraði 12.000 ísl. Mætti segir þetta hafa verið á laugardegi. Mætti segir Eirík hafa komið akandi á Frakkastíginn þetta kvöld á ljósgrænum Mini og afhent sér speedið, 8 grömm. Kveðst mætti því næst hafa selt Karvel þetta sem 9 grömm og hagnast um 60\$.

Er mætti fékk speedið hjá Eiríki, kveðst mætti hafa beðið hann um hass fyrir Karvel. Um kl. 23.00 um kvöldið kveðst mætti hafa hringt í Eirík, þar sem hann var ekki kominn, og hann komið skömmu síðar með 435 grömm af Afghanhassi, sem mætti kveðst hafa keypt fyrir Karvel, sem áður getur, á 6\$ grammið. Þá kveðst mætti um leið hafa selt Eiríki 60\$, sem mætti hafði af Karvel.”

Christopher Barbar Smith, fæddur 29. september 1953, var vegna rannsóknar máls þessa og hér fyrir dómi þ. 8. nóvember 1976 úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald, og var það framlengt um 30 daga 7. desember s. á. Nefndur C. B. Smith neitaði staðfastlega öllum fíkniefnaviðskiptum við ákærða, en kvaðst hafa fyrst hitt ákærða í apríl 1976 og hafi vinur sinn, kallaður Moe, nánar David A. Delisle, kynnt þá.

Með bréfi rikissaksóknara, dags. 4. janúar 1977, var varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli fengin forréttur til lögsögu yfir nefndum C. B. Smith, og tóku nefnd yfirvöld bandarísk við gæslufanganum 5. janúar 1977.

X. ákæruliður.

Þann 27. október 1976 könnuðu tollverðir í Reykjavík pakka, merktan Karli Berg Ákasyni, Leifsgötu 21, Reykjavík, en sendandi skv. fylgibréfi Charlie D. Johnson og sendingardagur 23. október 1976 frá Amsterdam. Í pakkanum var brjóstmynd úr leir, byggð upp á virgrind og máluð. Höfuð brjóstmyndarinnar var laust frá búknum, og innan í höfðinu sást móta fyrir umbúðum, er virtust innihalda hassefni. Tollverðir höfðu samband við fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík, er tók brjóstmyndina í sína vörslu.

Á skrifstofu fíkniefnadeildar voru teknar úr höfði styttunnar 4 heilar og 2 hálfar plötur af meintu hassefni í ljósum strigaumbúðum, stimplað

„Pure”. Efnið var vegið á skrifstofu ÁFD og reyndist alls 2.500.6 gr og er geymt hjá ÁFD, merkt sýni 190.

Nefnt sýni var sent til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og voru niðurstöður próf. Þorkells Jóhannessonar eftirfarandi, sbr. bréf, dags. 25. nóvember 1976:

„Ávana- og fíknilyf og efni - Matsgerð nr. 253:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 190 með tilliti til rannsókna á kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 28. 10. 1976. Sýnið var græn-brúnir kögglar, ca 0.76 gr að þyngd.

Með smásjárskoðun mátti greina plöntuhluta, sem sérkennandi eru fyrir *Cannabis sativa*. Litarpróf fyrir kannabínólum voru jákvæð. Sýna mátti fram á tetrahýdrókannabínól með gasgræiningu á súlu, og var magn þess 51 mg/g (notaður var tetrahýdrókannabínólstaðall keyptur frá Hubert Landau Inc. í Bandaríkjunum).

Sýnið var því kannabis samkvæmt framansögðu.”

Eftir að innihald hafði verið tekið úr nefndri leirmynd, var gengið frá henni aftur í pakka og þann 2. október s. á. vitjaði Karl Bergur Gränz, fæddur 20. september 1955, þakkans á tollpóststofu skv. tilkynningu. Nefndur Karl Bergur var síðar sama dag handtekinn, er hann henti nefndri leirmynd í ruslatunnu við hús hér í borginni.

Nefndur Karl var yfirheyrdur hjá lögreglu, og voru framburðir hans í fyrstu breytilegir, en staðfesti endanlegan framburð hér fyrir dómi 4. nóvember 1976. Í nefndu þinghaldi skýrði Karl Bergur svo frá, að bróðir sinn Karvel, ákærði í máli þessu, hefði 10. október sl. trúað sér fyrir því, að ákærði væri á förum flugleiðis til Kaupmannahafnar og þaðan með lest til Hollands til hasskaupa, sem að sögn ákærða yrðu líklega um 2 kg, ekki hafi ákærði talað um hlut nefnds Karls Bergs eða um aðild annarra þar að.

Í nefndu þinghaldi var síðan eftir nefndum Karli Berg bókað:

„Kveðst mætti telja, að Karvel hafi haldið utan næsta morgum og ekki frá honum heyrt fyrr en um hálfum mánuði síðar og á sunnudagi, nánar 24. okt. s.l., er Karvel kom til síns heima og þá að sögn beint af flugvelli. Hafi þá Karvel þar fyrir mætta lýst gerð myndastyttu í Hollandi og í henni falið ónefnt magn af hassi, en póstsent frá Rotterdam á nafn mætta utan að það hafi verið skráð Ákason og stílað á Leifsgötu 21, Rv., þar sem búi móðursystir mætta. Átti mætti að sækja nefnda stytta, nálgast innihald og fela á óhultum stað, þar til Karvel eftir spyrði. Nánar segir mætti Karvel á þessum tíma hafa reiknað með yfirvofandi handtöku vegna eldri brota, en lofað mætta kr. 30.000 fyrir vikið.

Móðursystir hafi umbeðin látið mætta vita um tilkynningu frá póststofu, nánar um miðjan s.l. þriðjudag 2. nóv. og um kl. 18.40 að kvöldi

Þess dags haldið með tveim kunningjum til Reykjavíkur, nánar Hauki Sigurðssyni, Vesturgötu 14 A, Keflavík, s. 1875, og Birni E. Kjartanssyni, Hringbraut 52, Keflavík, s. 1041, enda þeir allir þátttökendur í s.n. Dale Carnegie námskeiði í Reykjavík um kvöldið. Mætti kvaðst um nóttina hafa fengið lánuð afnot herbergis gamals skólabróður síns, Eysteins Ingvasonar, og að Laugavegi 28 C.

Að morgni gærdags um kl. 9.30 kveðst mætti að Leifsgötu 21 til móðursystur hafa sótt umrædda tilkynningu og um kl. 10.00 eða rétt rúmlega það framvísað henni á 2. hæð í Rafveituhúsi við Tryggvagötu. Mætti kveðst hafa tekið við böggli, sem hann sá og vissi, að í var stytta, og viðurkennt móttöku með nafnritun.

Mætti kvaðst hafa haldið með styttnu til nærliggjandi leigubifreiðastöðvar og með bifreið þaðan að Laugavegi 28. Þá kvaðst mætti, er hann bar styttnu frá leigubifreið, hafa veitt því athygli, að höfuð virtist laust eða rugga til. Styttnu kvaðst mætti hafa borið til áðurnefnds herbergis, er hann svaf í nóttina áður, nánar fyrstu dyr til vinstri innan útihurðar. Mætti kvað sig strax, er hann tók umbúðir af styttnu, hafa grunað, að lögregla væri komin í spilið, því höfuð styttnu hafi næst bol verið laust að sjá. Hafi mætti því pressað styttnu saman, annars vegar höfuð og það verið holt að innan, en tóm, hins vegar tekið botnplötu og á sama hátt þrýst saman bol. Sá og verið holur en fullur af dagblöðum. Þá kveðst mætti af umbúðum hafa skafið nafn sitt og póstnúmer, en því næst fleygt styttuleifum og umbúðum í ruslatunnu skammt utan dyra. Rétt síðar verið handtekinn af lögreglumönnum utan dyra.

Dómari spyr mætta um dskj. no. 207. Mætti segir það hafa verið hugsað sem verslunarbréf til að gera trúverðugri uppruna styttnu. Nánar hafi Karvel fyrrgreindan sunnudag undirritað auða pappírsörk nafninu Charlie D. Johnson, en jafnframt afhent mætta handskrifað bréf á íslensku. Þann texta kvaðst mætti hafa þýtt á ensku og vélritað, en valið dgsetninguna 23. 10., þar eð Karvel kvaðst þann dag hafa póstlagt styttnu. Árangur vélritunar mætta sé dskj. no. 207.

Mætti kannast við að hafa s.l. föstudag 29. 10. hringt í bögglapóststofu og grennslast fyrir um pakka, þar eð hann hafi verið tekið að lengja eftir tilkynningu.

Ítrekað aðspurður neitar mætti alfarið að hafa verið á ferð hér í borg s.l. þriðjudag fyrr en rétt um kl. 19.30 og þá í fylgd ofangr. pílta og í rauðri bifreið af Maveric-tegund, árgerð 1971 eða þar um bil."

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 5. nóvember 1976 sakaratriðum í þessum lið ákæruskjals, en hafði áður, eins og að ofan er rakið, lýst upphafi kynna af Christopher B. Smith, vísast þar um til þess. Í nefndu þinghaldi var eftir ákærða bókað svo:

„Mætti kveðst áður hafa lýst viðskiptum í samvinnu við Ólaf Bragason tengd húsi við Frakkastíg. Þangað kvaðst mætti hafa haldið, enda vitað, að Ólaf væri þar helst að finna, nánar ásamt vinkonu Ólafs, Ragnheiði, í íbúð Sigríðar, vinkonu hennar.

Mætti kvaðst, á meðan Ólafur reyndi að koma á viðskiptum símleiðis, hafa í áðurnefndri Toyota-bífreid boðið Kork Smith að fara fyrir hann utan til fíkniefnakaupa og síðar um kvöldið einnig skýrt Ólafi frá þeirri ráðagerð.

Nokkrum dögum síðar kvaðst mætti samkvæmt því umtali hafa heim-sótt Kork Smith í byggingu 756 og herbergi hans no. 223 og þar skipulagt nánar för. Þá þegar og sama kvöld, er áður gefinir, á Frakkastíg hafa aflað vilyrðis stúlkunnar Ragnheiðar að fara einnig í nefnda för. Samþykkt hafi verið, að mætti fengi helming hagnaðar. Mætti kvaðst hins vegar ranglega hafa talið K. Smith trú um, að efnið yrði flutt með skipi, er héldi úr höfn í Hollandi 18. okt. s.l., en þegar sjálfur þá hafa afráðið aðferð.

K. Smith hafi við nefnt tækifæri afhent mætta 100.000 ísl. kr. fyrir flugfarmiðum mætta og Ragnheiðar. Þá kvaðst mætti næsta dag hafa í Reykjavík keypt nefnda miða og enn sama dag hafi Ragnheiður sótt um gjaldeyri og útvegað vegabréf og í það verið skráð sem Spurk að eftirnafni. Hafi þetta verið sennilega á fimmtudegi, en sunnudaginn næsta hafi mætti enn haldið til fundar við K. Smith og þar tekið við 3.500 US\$. Fyrir það fé hafi mætti átt að kaupa svo mikið hass sem hann fengi og halda sjálfur helmingi efna. K. Smith hafi gefið í skyn, að nefndir 3.500 US\$ væru aleiga hans þá stundina, en mætti kveðst telja það rangt miðað við fyrri umsvif K. Smith.

Næsta morgun hafi þau Ragnheiður haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar, nánar að morgni mánudags 11. okt. s.l. Dómari þingmerkti og leggur fram sem no. 219 A ljósrit flugfarmiða no. 108/4200247347, greiðslustimplaðan 7. okt. s.l. Mætti skoðar skjal og kannast við sem umræddan farmiða.

Í Kaupmannahöfn hafi þau mætti og Ragnheiður pantað herbergi á Hótel Falcon, en um kvöldið í Christianiu keypt 10 gr af libanon-hassi á 150 d. kr. Að kvöldi þriðjudags haldið bæði frá Kaupmannahöfn, nánar með næturlest, til Amsterdam og þar að morgni miðvikudags leigt herbergi á Hótel Peet Hein. Mætti kveðst í Amsterdam hafa ætlað sér góðan tíma til efnisútvegunar.

Mætti vikur þá að ástæðu þess, að Ragnheiði var boðið með. Hafi það verið til að tryggja, að mætti ekki fyrra ferils vegna yrði gripinn með fé á leið úr landi og Ragnheiður því átt að flytja það. Ragnheiður

hafi vitað um erindi og að fé var frá bandaríkjamanni á Keflavíkurflugvelli, en ekki nánar hverjum.

Viðskipti í Amsterdam hafi orðið laugardaginn 16. okt. s.l. að nefndri Ragnheiði nærstaddri og nánar á óþekktum bar þar í borg. Söluaðili hafi verið bandaríkjamaður að sögn, en mætta ókunnur. Sá hafi verið grannur, um 1.80 cm á hæð með mjög sitt ljósskolleitt hár bundið í tagl. Nefndan aðila kvaðst mætti degi fyrr hafa hitt og þar orðið samkomulag um efnismagn og verð, nánar 2½ kg af Libanonthassi á 1 US\$ pr. gr.

Á laugardegnum kvaðst mætti hafa ekið frá nefndum bar með sölu-manni og okumanni hans ásamt Ragnheiði, fyrst til hótels að sækja fjármuni, en síðar í íbúð á ókunnum stað í borginni. Söluamaður hafi þar átt ýmsar tegundir hassefna, en nefndur Libanon verið sýnu ódýrastur og 2½ kg greidd með 2.000 US\$ og 1.250 Holl. Gyllinum. Þá hafi sölu-maður í kaupbæti gefið mætta og Ragnheiði 10 gr af Pakistan hassi og þau notað sjálf. Viðskipti hafi orðið síðla laugardagskvölds, en þau mætti og Ragnheiður að morgni sunnudags flutt til ódýrara hótels, nánar Hótel Golden Gate.

Næst dag og á nefndu hóteli kvaðst mætti hafa byrjað styttugerð utan um hassefni, fyrst með vírbindingum, en fljótþornandi leir yfir. Mætti kveðst hafa unnið að gerð stytta alla næstu viku og fé þeirra Ragnheiðar mjög gengið til þurrðar. Styttu þá verið pósthönd laugardaginn 23. 10. s.l. í Amsterdam, þótt varla væri fullgerð eða þornuð. Þegar í pósthús kom rétt fyrir lokun, kvað mætti hafa verið mikið fát að útfylla fylgiskjöl og mætti þar ritað nafnið Charlie D. Johnson, en í fuminu fyrst skrifað hluta af sínu rétta eftirnafni. Burðargjald hafi verið 90 Holl. Gyllini með flugpósti.

Mætti lagði þá fram og þingmerkti sem no. 220 fjórar ljósmyndir í litum, merktar A, B, C og D. Mætti skoðaði myndir og kvaðst þar kannast við sitt handbragð, einnig rithönd og fíkniefni á mynd merktri B."

Yfirheyrslum var framhaldið yfir ákærða hér fyrir dómi síðar sama dag og þá eftir ákærða bókað:

„Mætti kvaðst hafa losað stúlkunni Ragnheiði fyrir aðstoðina að útvega henni herbergi og greiða ársleigu fyrirfram, þar eð mætti kvaðst hafa talið óráðlegt að afhenda stúlku reiðufé til eyðslu.

Mætti kveður þau Ragnheiði að kvöldi laugardags 23. 10. s.l. hafa haldið með lest frá Amsterdam til Kaupmannahafnar og eftir 4 stunda viðdvöl þar með flugvél hingað til lands og þá samkvæmt ofanskráðu án fíkniefna.

Við heimkomu kveðst mætti hafa frétt, að lögregla leitaði sín, og

grunað, að það gæti verið vegna eldra fíkniefnamisferlis, sem mætti nú hefur lýst hér fyrir dómi í fyrri þinghöldum.

Kvaðst mætti þá hafa skýrt Karli bróður sínum frá pakka, stíluðum á hans nafn, og innihaldi þess pakka. Þá undirritað bleika pappírsörk auða nafninu Charlie D. Johnson, en jafnframt samið á íslensku bréf og beðið Karl að þýða á ensku og vélrita á hina bleiku pappírsörk. Lofað Karli ríflegri þóknun án þess þó að tilgreina upphæð, ef hann annaðist framangreint, vitjaði stytta og geymdi á óhultum stað, þar til mætti kallaði eftir henni.

Mætti skoðar dskj. nr. 207 og telur undirskrift sína samkvæmt ofanskráðu og texta efnislega þýðingu þess handrits, er mætti samdi og afhenti Karli.

Þá kvaðst mætti fimmtudaginn 28. 10. s.l. og að höfðu samráði við Pál A. Pálsson hdl. hafa gefið sig fram við lögreglu, nánar að kvöldi þess dags um kl. 20.30.

Mjög ítarlega spurður um aðdraganda og framkvæmd samskipta við K. Smith varðandi ofangreinda utanför kveðst mætti enn hafa undan dregið eitt atriði, er máli kunni að skipta, og af hlífisemi við mjög góðan vin.

Hið rétta sé, að er mætti 6. 10. s.l. samkvæmt framangreindu hitti K. Smith og tók við kr. 100.000 ísl., hafi hann einnig frá sama aðila tekið við 1.800 US\$ og Smith þá ekki talið sig hafa meira fé handbært, en jafnframt beðið mætta að koma aftur næsta sunnudagskvöld eða rétt fyrir brottför eftir meira fé.

Mætti kveðst enn vegna sins fyrri ferils hafa verið ragur við að fara þá ferð og með mikið fé út af flugvelli. Því sagt góðum vini sínum mála-vöxtu, enda vitað, að sá þekkti einnig K. Smith. Sá aðili sé Friðbert Sanders og hafi hann að beiðni mætta umrætt sunnudagskvöld haldið til K. Smith og þangað sótt þá 1.700 US\$, er Smith hafði áður greint mætta frá, að hann mundi þá hafa tiltæka. Aðspurður segir mætti nefndan Friðbert búa að Hraunsvegi 19, Njarðvíkum.“

Friðbert A. Sanders, fæddur 2. júní 1954, var yfirheyrður hér fyrir dómi 7. nóvember 1976 og bar efnislega á sama veg og ákærði um ofangreint. Staðfesti að hafa snemma í október það ár á Keflavíkurflugvelli, og nánar í svonefndum Víking Klúbb frá ákærða móttekið gjaldeyri, að sögn ákærða 1.800 bandaríkjadali, og það fé frá varnarliðum ætlað til fíkniefnakaupa, er ákærði ætlaði að annast. Kvaðst nefndur Friðbert hafa flutt fjárhæð út af flugvallarsvæði fyrir ákærða og geymt á heimili sínu í nokkra daga, en fyrir aðstoðina átt að fá 50 gr af hassi nokkru síðar.

Kvaðst nefndur Friðbert nokkru síðar hafa fengið ákærða 100.000 kr. til hasskaupa fyrir sig, en ekki hafa vitað, með hvaða hætti ákærði hugðist

flytja efni hingað til lands, en lofað að geyma þau um sinn, ef þörf krefði.

Nefndur Friðbert kvaðst enn samkvæmt beiðni ákærða og sunnudagskvöldið 10. okt. sl. hafa haldið á fund Kork Smith varnarliða í byggingu 747 og í bifreið þar skammt frá móttekið að sögn Korks 1.700 bandaríkjadali. Kvaðst Friðbert sama kvöld hafa afhent ákærða nefnda fjárhæð, enda ákærði þá að sögn á förum til Kaupmannahafnar flugleiðis, en þaðan með lest til Hollands og einhver stúlka að sögn ákærða átt að flytja fjárhæð úr landi. Þá kvaðst Friðbert fyrr um daginn hafa afhent ákærða áður-nefnda 1.800 bandaríkjadali auk 100.000 kr. ísl., sem áður er getið. Kvað Friðbert ákærða hafa komið hingað til lands aftur 24. sama mánaðar og þá jafnframt lýst heimsendingu efna.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, lýsti hér í dómi 5. nóvember 1976 að hafa í októberbyrjun þ. á. orðið vitni að því, að ákærði bauð Ragnheiði Spence með sér til Amsterdam til hasskaupa, en hlutur Ragnheiðar átt að vera að flytja peninga úr landi og nánar bandaríkjadali. Kvað nefndur Ólafur Bragi ákærða að sögn hafa ætlað að senda efni hingað í vaxkúlu eða bolta úr vírneti og af látbragði ákærða, er lýsti stærð kúlu, að sú rúmaði 2-3 kg, en ákærði ekki getið um magn.

Ragnheiður Sigurlaug Spence, fædd 21. september 1960, var yfirheyrð vegna ofangreinds þann 5. nóv. 1976 hjá lögreglu í Reykjavík og þá eftir henni bókað:

„Mætta er spurð um nýliðna utanlandsferð, og kveðst mætta hafa verið stödd á Frakkastíg 22 á heimili vinkonu sinnar, Sigríðar Baldvinsdóttur, sem þar búi hjá föður sínum og móður. Þangað hafi komið piltur að nafni Karvel, sem búi í Keflavík. Karvel hafi rætt um að fara út til hasskaupa og sagt, að sig vantaði einhvern til að flytja fyrir sig peninga utan. Hafi hann spurt mættu, hvort hún vildi taka þetta að sér gegn greiðslu ferðakostnaðar og síðan fái mætta kr. 200.000.- eftir að heim sé komið. Mættu hafi fundist tilboðið freistandi og tekið því. Viðstaddir þessar viðræður hafi verið áður-nefnd Sigríður, Ólafur B. Bragason og Jón Rúnar, vinur Sigríðar. Foreldrar Sigríðar muni síðan hafa vitað um ferðina, eftir að mætta fór.

Mætta man ekki, hvenær hún fékk að vita ákveðið um það, að ferðin yrði farin, en segir, að ekki hafi liðið nema örfáir dagar frá tilboðinu og til ferðarinnar. Mættu hafi ekki gefist tími til að fá gjaldeyri, en hún hafi með naumindum getað náð í vegabréf. Mætta segir, að það hafi verið á sunnudagskvöldi, að Bóbó, bróðir Karvels, hafi komið og sótt mættu og farið með hana til Keflavíkur, þar sem hún hafi gist um nóttina hjá vinafólki Karvels. Morguninn eftir hafi Karvel afhent mættu allmikið af dollurum, sem mætta hafi falið innan klæða. Mætta kveðst ekki vita um upphæðina, en vita, að þetta hafi eingöngu verið dollarar, því hún

hafi séð Karvel fletta seðlunum kvöldið áður. Þennan mánudagsmorgun hafi þau mætta og Karvel haldið til Khafnar með flugvél. Þau hafi farið sitt í hvoru lagi upp á flugvöll og látið sem þau þekktu ekki hvort annað á leið út í flugvélina. Í Khöfn hafi þau tekið hótélherbergi saman á hótél Falk eða Falkoner og þar dvalið í 2 daga við skemmtanir og drykkju. Í Khöfn hafi Karvel tekið við áðurnefndum dollurum og hafi mætta ekki frekar vitað um þá.

Þau hafi síðan haldið til Amsterdam með næturlest og komið þangað að degi til. Þau hafi tekið hótélherbergi saman, en aðeins dvalið þar stutt, enda hótelið dyrt og þau fengið annað hótélherbergi ódýrara. Í því hótélherbergi hafi Karvel hafist handa um að móta leirmynd. Hafi hann fyrst keypt hass í ljósum léreftsumbúðum, en mætta kveðst ekki vita, hve mikið magn, hún hafi heldur ekki verið viðstödd kaupin. Karvel hafi mótað höfuð styttunnar utan um hassið, en síðan útbúið virgrind og mótað um hana aðra hluta styttunnar. Mætta kveðst telja, að þau hafi dvalið í Amsterdam í meira en viku, áður en Karvel hóf að útbúa styttuna, og að hann hafi fengið allt efni í hana á staðnum. Mætta kveðst ekki alltaf hafa verið með Karvel, meðan á dvölinni stóð, hún hafi mikið dvalið á bar hótelsins. Mætta segir, að þau hafi ekki prófað hassefni það, sem Karvel keypti, að minnsta kosti viti mætta ekki til þess, að Karvel hafi prófað efnið. Mætta segir, að þau hafi ekki neytt neinna fíkniefna, meðan á dvölinni stóð, hins vegar hafi Karvel drukkið mikinn bjór.

Karvel hafi verið 2-4 daga að útbúa styttuna, enda hafi lakkið verið lengi að þorna. Styttunni hafi síðan verið pakkað inn í dagblöð, en mætta kveðst ekki muna, hvernig ystu umbúðirnar voru, en límt hafi verið utan um styttuna með límbandi. Þau hafi farið saman með styttuna á pósthúsið og náð rétt fyrir lokun. Mætta kveðst ekki vita, hvað kostaði undir styttuna, en hún hafi verið stíluð á áðurnefndan Bóbó.

Síðan hafi þau keypt framiða til Khafnar með lest og farið sama kvöldið. Til Khafnar komið að degi til og samdægurs, líklega um kl. 14.00, haldið til Íslands. Við komuna til Keflavíkurflugvallar hafi skilist leiðir og mætta haldið með áætlunarþreifni til Rvíkur, en Karvel farið heim til sín.

Mætta telur, að þau hafi alls verið 12 daga í ferðinni, en treystir sér ekki til að nefna ákveðinn komudag. Hún kveðst ekki vita, hvernig hafi átt að losna við efnið né hvort einhverjum ákveðnum hafi verið ætlað efnið. Mætta kveðst ekki vita, hvaðan Karvel hafi fengið þessa dollara. Nefnd Ragnheiður var enn yfirheyrð síðar sama dag og þá enn bókað: „Lesinn var fyrir mættu framburður hennar, sem skráður er hér að framan, og segir hún þar rétt eftir sér haft. Mætta vill bæta við, að þegar Karvel kom á Frakkastíginn og bauð mættu utan, hafi hann einnig verið

í þeim erindum að versla með hass við Óla eða Jón Rúnar. Þeir hafi að minnsta kosti verið að meðhöndla svart hass og verið með klump á stærð við 2 - 3 cigarettupakka.

Þá segir mætta, að hún og Karvel hafi farið út í Christianiu í Khöfn og þar keypt brúnt hass í mörgum litlum bútum. Mætta kveðst ekki vita magn, en gíska á 5 g, en það geti líka verið 12 eða meira. Þetta hafi þau reykt allt í Khöfn.

Mætta segir, að hún hafi verið viðstödd kaup á því hassi, sem sent var heim í styttnni. Þau Karvel hafi farið saman að kvöldi dags á einhverja búllu og þar hitt þrjá menn, með þeim farið í íbúðarhús og þar inn í íbúð, þar sem Karvel hafi móttakið hassið, 3 - 4 plötur, og greitt með dollurum. 2 þessara manna hafi síðan ekið þeim á hótelið aftur. Til viðbótar plötum áður nefndum hafi Karvel fengið smámola af svörtu hassi, sem þau hafi reykt. Síðar hafi Karvel farið einn í casinunn, en það sé hverfi, sem í búi margar tegundir litaðra og hvítra manna frá mörgum löndum. Þar hafi Karvel fengið eitthvað keypt af svörtu hassi. Það hafi verið smábútur, ámóta stór og hann fékk aukalega hjá áður nefndum sölumönnum. Þetta hass hafi þau að mestu reykt í Amsterdam, en farið með smámola til Khafnar og reykt þar."

Christopher Barbar Smith, fæddur 29. september 1953, sætti gæsluvarðahaldi vegna rannsóknar þessarar, eins og rakið var varðandi ákæruliði hér á undan, en neitaði sem áður, segir öllum fíkniefnaviðskiptum við ákærða og að hafa lagt honum til fé til fíkniefnakaupa (sic).

## NIÐURSTÖÐUR.

### I. ákæruliður

Ákærði hefur hér í dómi viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er framburður ákærða mjög ítarlegur og studdur öðrum gögnum málsins. Er ákærða var birt ákæra í máli þessu hér í dómi 29. nóvember sl., lýsti ákærði sig saklausan af sakaratriðum í þessum ákærulið og fleirum.

Með vísan til ofanritaðs þykir ekki ástæða til að taka mark á breyttum framburði ákærða og þannig ekki fallist á kröfu verjanda um sýknu af þessum ákærulið. Þykir þannig nægilega sannað með skilyrðislausri játningu ákærða hér í dómi, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í janúar 1976 keypt 600 gr af hassi í Kaupmannahöfn og flutt með sér hingað til lands. Skömmu eftir heimkomu selt samtals 350 gr af efnum á Keflavíkurflugvelli fyrir 2.350 bandaríkjadali og haft megnið af afganginum til eigin nota.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1975 og 2.

gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

## II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, bæð hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og hér í dómi. Framburður ákærða er studdur framburði Tryggva Bjarna Kristjánssonar, er hefur hér í dómi borið um ofangreind 90 gr hasskaup af ákærða. Þykir því ekki mark takandi á breyttum framburði ákærða við ákærubirtingu 29. nóvember sl., sem áður er rakið.

Með vísan til ofanritaðs þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er réttilega greinir í þessum lið ákæruskjals, nánar í apríl 1976 keypt 150 gr af hassi af sér okunnum aðilja í Tjarnarbúð í Reykjavík á kr. 1.200 hvert gramm, selt nafngreindum manni hluta efnisins á kr. 1.400 hvert gramm og neytt afgangins að mestu leyti sjálfur.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

## III. ákæruliður.

Ákærði hefur ítrekað hér í dómi viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og jafnframt rennir framburður ofangreinds Franklins Kristins Steiner stoðum undir játningu ákærða. Ekki verður því tekið mark á breyttum framburði ákærða við ákærubirtingu hér í dómi 29. nóvember sl.

Þykir þannig nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum lið ákæruskjals, nánar fyrir utanferð sína um miðjan maí 1976 mótttekið 3.000 bandaríkjadali hjá tveimur Bandaríkjamönnum á Keflavíkurflugvelli til hasskaupa. Keypt 1200 gr af efninu í Amsterdam fyrir 2.000 dali og um 20. s. m. flutt efnið með sér hingað til lands, falið innan klæða, afhent greindum Bandaríkjamönnum 600 gr og haldið sjálfur 600 gr. Skömmu síðar selt þessum aðiljum samtals 500 gr af sínum hluta efnisins fyrir 3.000 dali og sjálfur notað 100 gr.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

## IV. ákæruliður.

Ákærði viðurkenndi háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, hér í dómi 3. nóvember 1976 og staðfesti enn játningu sína hér í dómi 7. nóvember sama ár. Er játning ákærða studd framburði ofangreinds Franklins Kristins

Steiner. Þykir ekki mark takandi á breyttum framburði ákærða, er fram kom við ákærubirtingu hér í dómi 29. nóvember.

Þykir samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega er lýst í þessum lið ákæruskjals, nánar í byrjun júní 1976 keypt 100 gr af marihuana og um 5 gr af hassolíu af Franklín Kristni Steiner að Suðurgötu 8 í Reykjavík fyrir samtals um kr. 95.000, blandað efnunum saman og drýgt með hunangi, þannig að úr varð um 120 gr kaka. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli 100 gr af þessu fyrir 600 bandaríkjadali og notað sjálfur afganginn.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

#### V. ákæruliður.

Ákærði ber, að efnismagn í þessum ákærulið hafi verið 100—150 gr, en nefndur Franklín kvað það 250 - 300 gr. Þykir hér varlegast að miða við, að efnismagn hafi verið 100 gr, og framburður ákærða lagður til grundvallar.

Samkvæmt ofansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum ákærulið að slepptu frávikum um efnismagn, nánar í júlí - ágúst 1976 margsinnis keypt hassefni af Franklín Kristni Steiner að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, samtals 100 gr á um kr. 13—1.400 hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

#### VI. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum kærulið greinir, og er sú játning studd framburðum þeirra Einars Sigurhanssonar og Jóns Rúnars Einarssonar.

Þykir því sannað með vísan til ofanritaðs, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í september 1976 keypt 1050 gr af hassi af Einari Sigurhanssyni að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík fyrir 5.500 bandaríkjadali og þegar afhent nafngreindum varnarliðsmanni af Keflavíkurflugvelli, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna, 950 gr af efninu, en 100 gr hélt ákærði eftir fyrir sig og nafngreindan kunningja sinn, sem aðstoðaði ákærða við þessa milligöngu.

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr.

10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

#### VII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða hér í dómi, sem studd er framburðum þeirra Franklins Kristins Steiners og Einars Sigurhanssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í september 1975 keypt 1100 gr af hassi, fyrir sama varnarliðsmann og nefndur er í VI. lið, af Franklín Kristni Steiner og Einari Sigurhanssyni á Laugarnesvegi 84 í Reykjavík fyrir 5.500 dali og fengið 100 gr af efninu í sinn hlut fyrir vikið.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

#### VIII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburði ofangreinds Ólafs Braga Bragasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í september 1976 keypt 8 LSD töflur af Ólafi Braga Bragasyni í Reykjavík á kr. 2.000 hvert stykki, gefið ónafngreindum kunningjum sínum 4 þeirra og notað 4 sjálfur.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

#### IX. ákæruliður.

Framburðir ákærða og ofangreinds Ólafs Braga Bragasonar eru nánast samhljóða um sakaratriði í þessum ákærulið, utan hvað þá greinir á um það magn, er þeir tóku í sinn hlut af efninu. Ólafur Bragi kveður það 50 gr, en ákærði hins vegar 35 gr. Hér þykir verða að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta atriði.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað með játningu ákærða, sem studd er framburði nefnds Ólafs Braga, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar í fyrri hluta október 1976 ásamt Ólafi Braga Bragasyni keypt 435 gr af hassi og um 9 gr af amfetamindufti í Reykjavík enn fyrir sama varnarliðs-

manninn og áður, og tóku ákærði og nefndur Ólafur Bragi í sinn hlut 35 gr af hassinu og 145 dali fyrir vikið.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega til refsíákvæða heimfærð, utan hvað vísan til auglýsingar nr. 293/1978 er ofaukið og þannig talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

#### X. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning rækilega studd öðrum gögnum málsins.

Telst því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar skömmu fyrir utanför sína 11. október 1976 tekið við 3.500 bandaríkjadöllum frá framangreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli til hasskaupa, og átti ákærði að fá í sinn hlut helming þess hassefnis, sem hann keypti. Hinn 16. s. m. keypt 2.5 kg af hassi í Amsterdam fyrir 2.000 dali og 1.250 gyllini og póstlagt efnið 23. s. m. í Amsterdam til sendingar hingað til lands, og var hassið þá falið í myndastyttu, sem ákærði utbjó sérstaklega í þessu skyni, en 27. s. m. lagði lögreglan hald á allt efnið í Reykjavík.

Í ákæruskjali er ofangareind háttsemi ákærða réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Verjandi hreyfði þeirri sýknuástæðu, að einstakir ákæruliðir máls þessa væru fyrndir með vísan til 1. tl. 1. mgr. 81. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. Hrd. 1979, bls. 453.

Nefndar varnarástæður þykja hér ekki við eiga, enda margir ákæruliðir máls þessa tvímælalaust réttilega heimfærðir 2. tl. áðurnefndrar 81. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (sic). Úrslitum þykir hins vegar ráða í þessu sambandi, að ofangareind háttsemi ákærða er framhaldandi röð samkynja athafna, og verða því ekki einstakir þættir aðskildir, sbr. Hrd. XXXIV, bls. 674.

Að ofansögðu athuguðu og virtu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst þann 4. desember 1978 á greiðslu 35.000 kr. sektar fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Ber því að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón

af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Verjandi benti á, að ákærði hefði ekki komið nálægt fíkniefnum í næstum heilt ár. Í því sambandi skal þess getið, að ákærði sætti vorið 1979 gæsluvarðhaldi og viðurkenndi þá hér í dómi viðamikil fíkniefnamisferli.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en auk þess með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 800.000, þar sem ákærði hafði hagnað af sölu fíkniefna. Komi 60 daga fangelsi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar refsivist komi með fullri dagatölu sá timi, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 25 dagar.

Þá ber samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 sem í ákæru er krafist að gera ákærða að sæta upptöku á 2.5 kg af hassi, er lagt var hald á 27. október 1976.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 140.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, sæti fangelsi í 15 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 800.000.

Refsivist til frádráttar komi 25 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað 60 daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 140.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 2.5 kg af hassi, sem hald var lagt á 27. október 1976.